

AUGLÝSING

um staðfestingu forseta Íslands á breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands.

Forseti Íslands hefur í dag samkvæmt tillögu ráðuneytisins staðfest eftirfarandi breytingu á reglugerð nr. 76 frá 17. júní 1958 fyrir Háskóla Íslands.

1. gr.

Í 57. gr., 2, próffílhögun og tímamörk, bætist á eftir 3. málsgrein ný málsgrein, er verður 4. málsgr., svofelld:

Við árspróf 1963 getur verkfræðideild heimilað stúdentum að segja sig til prófs í einstökum námsgreinum. Enn fremur getur deildin leyft þeim að endurtaka árspróf einstakra námsgreina, án þess að þeim sé skylt að endurtaka um leið sama árspróf annarra greina eða önnur árspróf sömu greinar.

2. gr.

Reglugerð þessi tekur þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 30. marz 1963.

Gylfi P. Gíslason.

Birgir Thorlacius.